



# VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Administration of occupational safety and health

Alþingi  
Erindi nr. P 122/773  
komudagur 28.1.1998

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund

Dags / Date  
23.01.1998

000.21 Reference  
98-0064

150 REYKJAVÍK

## Efni: Umsögn um frumvarp til vopnalaga


Vísað er til bréfs yðar dags 6. nóvember sl. þar sem ofangreint frumvarp var sent til umsagnar. Beðist er velvirðingar á því að umsögn var ekki send innan tiltekins frests, en ekki var við fyrstu yfirferð talin ástæða til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Að betur athuguðu máli og í ljósi þess að frumvarpið hefur ekki verið afgreitt vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi ákvæði frumvarpsins um sprengiefni.

Í gildi er hér á landi samkvæmt samningnum um hið evrópska efnahagssvæði tilskipun Evrópusambandsins um sprengiefni til almennra nota nr 15/93 (Explosives for Civil use). Ákvæði hennar hafa verið tekin upp í reglugerð nr. ~~479~~<sup>102</sup>/1996 um sprengiefni, en sum þeirra hafa svo almennt gildi að etv. væri eðlilegt að taka þau upp í lögum. Hér er einkum átt við eftirfarandi:

1. Einungis er heimilt að flytja inn á EES svæðið, framleiða, selja eða nota sprengiefni sem hlotið hafa viðurkenningu og eru CE merkt samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Ekki má takmarka markaðssetningu efna sem hlotið hafa slíka viðurkenningu. Samkvæmt reglugerðinni fer Vinnueftirlitið með mál er varða viðurkenningu sprengiefna.
2. Nokkuð er um að erlendir verktakar sem annast verklegar framkvæmdir hér á landi flytji með sér sprengiefni til eigin nota. Samkvæmt tilskipun 15/93 þarf slíkur aðili að afla svonefnds tilflutningsleyfis hjá lögbæru yfirvaldi í því landi sem efnið fer til. Í reglugerð nr. ~~479~~<sup>102</sup>/1996 er gert ráð fyrir að Vinnueftirlitið gefi út slít tilflutningsleyfi og tilkynni það viðkomandi lögreglustjórum, en að sá sem flytur inn efnið þurfi ekki önnur leyfi til að flytja inn sprengiefnið.

Þess er vinsamlegast óskað að hæstvirt allsherjarnefnd taki þessar ábendingar til athugunar.

Virðingarfyllst,

  
Eyjólfur Sæmundsson  
forstjóri